



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði forseta Grikklands
18. september 2001

Virðulegi forseti Grikklands Constantinos Stephanopoulos.
Heiðruðu hátíðargestir

Grikkland og Ísland eru ekki aðeins útverðir Evrópu í suðri og norðri. Lönd okkar varðveita einnig minjar um forna menningu, hornsteina í lýðræðishefð Vesturlanda.

Það var í borgríki Apenu fyrir röskum tvö þúsund árum sem heimspekingar og hugsuðir, stjórnvitringar og metnaðarfullir borgarar mótuðu hugsjónina um frjálst samfélag sem byggðist á rétti einstaklinga til sjálfstjórnar. Menning og saga Grikkja var um aldir leiðarljós Evrópu í leit álfunnar að stjórnskipulagi sem fól í sér raunverulegt lýðræði, virka þátttöku almennings í mótun stefnu og stjórnar.

Í þeirri leit hafa margir einnig beint sjónum að Alþingi Íslendinga, þinginu sem stofnað var á víðum völlum fyrir rúmum þúsund árum og var kjarninn í hinu lýðræðislega stjórnskipulagi á Íslandi, grundvallað á lögum og rétti þegar meginhluti Evrópu bjó við einveldi og ofríki hinna myrku miðalda.

Þjóðir okkar hafa báðar á fornum tímum veitt veröldinni innsýn í hæfileika mannsins til að skapa göfgandi menningu og lýðræðisleg samfélög, fyrirmyndir sem enn er vitnað til þegar rekja þarf rætur þess stjórnskipulags sem flest ríki heims vilja nú festa í sessi.

Það er Evrópu mikilvægt, einmitt nú þegar álfan sækir fram með nánari samvinnu og víðtæka stofnanagerð að leiðarljósi, að hafa í huga þær lýðræðishefðir sem saga Grikkja og Íslendinga felur í sér. Það er í rauninni merkilegt og vert vandlegrar íhugunar hve fámenn þessi fornu grísku og íslensku ríki voru; smæðin var þeim ekki til hindrunar. Þvert á móti þróuðust í smæðinni hugmyndir og reynsla sem eru meðal hins dýrmætasta sem lýðræðisarfur Evrópu hefur til að bera. Þann lærdóm er

vert að gaumgæfa nú þegar allt kapp er lagt á stækkun og hið víðtæka umfang skipulagsins í framtíðarþróun Evrópu.

Það er mér mikill heiður að vera fyrsti forseti Íslands sem kemur hingað í opinbera heimsókn og ég þakka yður virðulegi forseti fyrir höfðinglegt boð og lofsamleg ummæli um land mitt og þjóð.

Vissulega blasa mörg sameiginleg verkefni við Grikkjum og Íslendingum á nýrri öld. Það er okkur Íslendingum kappsmál að sýna í verki að við metum mikils samvinnu við ríkin í sunnanverðri Evrópu og við teljum áriðandi að gagnkvæmur skilningur ríki á hagsmunum þjóðanna í norðri og suðri. Aðeins á þann hátt geti álfan orðið trúverðug heild.

Við njótum nú hagstæðra skilyrða til að styrkja samvinnu okkar í viðskiptum og verslun vegna þróunar Evrópska efnahagssvæðisins sem Evrópusambandið og ríki EFTA komu á fót fyrir um áratug. Íslendingar hafa líka gerst aðilar að Schengen-samstarfi Evrópusambandsins sem veitir fólki rétt til frjálsra ferða milli landa.

Þjóðir okkar hafa einnig tekið virkan þátt í starfi Evrópuráðsins, samstarfi sem helgað er eflingu lýðræðis og mannréttinda og ég kynntist á sínum tíma af eigin raun öflugum málflutningi grískra fulltrúa á fundum þings Evrópuráðsins.

Það er stundum kappkostað um of að túlka Evrópusamstarfið fyrst og fremst með efnahagsmál og fjármálhagsmuni í huga og gleymist þá að Evrópuráðið, samstarf helgað lýðræði og mannréttindum, er elsta samvinnubandalag Evrópuríkja og án þeirra hugsjóna sem þar liggja til grundvallar yrði þróun álfunnar til muna fátæklegri. Það er verðugt hlutverk fyrir bæði Íslendinga og Grikki að halda á lofti þeim lýðræðishugmyndum sem ríki álfunnar bundu í stofnsamningi Evrópuráðsins eftir hörmungar heimstyrjaldarinnar síðari; hugsjónum sem eiga sér rætur í fornri menningu þjóða okkar.

Við höfum einnig átt farsælt samstarf innan Atlantshafsbandalagsins og tekið þátt í því að festa í sessi þá skipan að sérhver þjóð bandalagsins hafi þar sama rétt til ákvörðunar og tillögugerðar. Það er okkur Íslendingum metnaðarmál að Atlantshafsbandalagið varðveiti þá grundvallarskipan. Þótt ríki Evrópusambandsins vilji efla samvinnu sína á sviði öryggismála þá má sú formbreyting ekki verða til að veikja höfuðkosti Atlantshafsbandalagsins sem samvinnuvettvang sjálfstæðra ríkja. Við teljum að stækkun Atlantshafsbandalagsins geti orðið mikilvægt framlag til aukins öryggis og friðar í álfunni og höfum ávallt áréttað nauðsyn þess að Eystrasaltsríkin þrjú – Eistland, Lettland og Litháen – fái öll inngöngu í bandalagið.

Við metum mikils framlag Grikkja til friðar og sátta á Balkanskaga og höfum á okkar hátt leitast við að efla friðargæslu og styrkja stoðir lýðræðis og sjálfsákvörðunar á svæðinu. Við vitum að nálægð ykkar og framganga hefur í þessum efnum veitt ykkur dýrmæta reynslu og við erum þakklát fyrir að fá í heimsókninni nú tækifæri til að ræða hér ítarlega þróun friðar og öryggis í álfunni og hvernig stækkun bæði Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins getur orðið þjóðum Evrópu til farsældar.

Ég kynntist því vel fyrir röskum fimmtán árum að Grikkir eru óhræddir við að taka forystu í erfiðum málum, gerast talsmenn nýrra hugmynda, sýna áræðni og kjark þegar finna þar nýjar leiðir.

Ásamt öðrum ungum þingmönnum frá nokkrum löndum átti ég þátt í því að þáverandi forsætisráðherra Grikklands gerðist ásamt fimm öðrum forsætisráðherrum og forsetum frá ólíkum heimsálfum brautryðjandi í sköpun nýrrar heimsmyndar. Friðarsamstarf landanna sex varð á ýmsan hátt fyrirrennari þeirra bættu sambúðar sem sögulegur leiðtogafundur Reagan og Gorbatsjovs í Reykjavík gat svo af sér. Tillögurnar sem Andreas Papandreou, Rajiv Gandhi, Olav Palme, Julius Nyerere, Miguel de la Madrid og Raul Alfonsin sendu frá sér á sínum tíma og ræddar voru á samráðsfundi með forystumönnum víða að úr veröldinni hér í Aþenu í janúar 1985 voru ákall um breytingar og umbætur sem endalok kalda stríðsins gerðu síðan að veruleika.

Það er með virðingu og þakklæti sem ég minnst hér framlags Grikkja til þessa merka umbótastarfs þegar heimurinn var enn í heljargreipum heimsmyndar sem byggð var á hatri og ótta. Það hefur verið mér dýrmætt að geta fyrr í dag rifjað upp í huganum heimsóknir mínar hingað á þessum árum til að eiga samráðsfundi með forsvarsmönnum hinnar grísku þjóðar.

Því er það mér sérstök ánægja að geta með heimsókn minni nú orðið til þess að treysta enn frekar samband þjóða okkar á nýrri öld og skapa grundvöll fyrir aukinni þekkingu á högum og hagsmunum hvers annars.

Við Íslendingar leitum eftir nánari samvinnu við ykkur á sviði lista og menningar og höfum í því skyni fært hingað sýningu helgaða Nóbelskaldi okkar Halldóri Kiljan Laxness.

Við viljum styrkja enn frekar viðskipti okkar og verslun og fáum nú kærkomið tækifæri til að áréttta ágæti íslenskrar sjávarafurða og stuðla að aukinni fiskneyslu hér í Grikklandi, færa ykkur bragðgott fiskmeti úr norðlægu Atlantshafi sem nýtur sín vel með suður-evrópsku ívafi í eldamennsku.

Við óskum eftir þátttöku grískra listamanna í hátíðum okkar á Íslandi og viljum kynnast betur bókmenntum, tónlist og menningu sem nú endurnæra grískan anda.

Með slíkar óskir í huga komum við hingað og ég þakka yður virðulegi forseti fyrir einlægan vinarhug í okkar garð.

Vonandi gefst mér innan tíðar tækifæri til að endurgjalda gestrisni yðar með því að fagna yður í opinberri heimsókn á Íslandi, heimsókn sem myndi staðfesta enn frekar vilja Íslendinga og Grikkja til að efla evrópska samvinnu frá norðri til suðurs og frá suðri til norðurs – og um leið sýna að við erum á nýrri öld staðráðin í að halda á lofti hugsjónum lýðræðis og mannréttinda sem eiga sér rætur í fornri sögu Grikkja og Íslendinga, hinu merka framlagi þjóða okkar til evrópskrar menningar.

Með þeim orðum ítreka ég þakkir mínar og bið virðulega gesti að rísa á fætur og hylla forseta Grikklands Constantin Stephanopoulos og grísku þjóðina með því að lyfta glösum þeim til heiðurs.